

## **Skýrsla Siðanefndar Félagsráðgjafafélags Íslands fyrir starfsárið 2012-2013.**

Á síðasta aðalfundi hætti Unnur V Ingólfssdóttir í siðanefndinni. Siðanefndin þakkar henni góða samvinnu hin síðustu ár og óskar henni velfarnaðar. Helga Þórðardóttir var kosin í siðanefnd í hennar stað.

Siðanefnd skipa á þessu starfsári: Þorleifur Kr. Níelsson, Helga Þórðardóttir og Helga Sól Ólafsdóttir. Á fyrsta fundi siðanefndar var ákveðið að Helga Sól Ólafsdóttir yrði nýr formaður Siðanefndar, Þorleifur Kr. Níelsson ritari og Helga Þórðardóttir meðstjórnandi.

Siðanefnd hefur fundað fjórum sinnum á þessu starfsári og hefur meginefni fundanna verið vinna með breytingar á 20 gr. siðareglna og skipulagning á Siðapingi í samvinnu við landlæknisembætti og aðrar heilbrigðisstéttir. Hugmyndin er að stefna áfram að því að hafa stórt málþing um hlutverk siðanefnda fagfélaga sem starfa undir lögsögu landlæknisembættisins og óska eftir samvinnu við aðrar siðanefndir og landlækni varðandi undirbúning.

Siðanefnd fékk eina fyrirspurn á árinu sem formaður tók að sér að svara, og var málinu vísað til rétttra aðila.

Garðabær, 4. mars 2013

f.h. siðanefndar

Helga Sól Ólafsdóttir, formaður